

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
06 441

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Kt. 650914-2520

Hlíðasmára 1, 200 Kópavogur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu er stjórnsluembætti sem fer með framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í sínu umdæmi eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Um embætti sýslumanna gilda lög nr. 50/2014 og umdæmi þeirra eru ákveðin í reglugerð nr. 1151/2014.

Verkefni embættisins eru eftirfarandi málaflokkar:

Persónuréttindi og fjölskyldumál. Undir málaflokkinn falla margvísleg mál, sem öll eiga það sameiginlegt að varða fjölskyldur; stofnun þeirra og slit, réttindi og skyldur einstaklinga sem eru eða hafa verið í vígðri eða óvígðri sambúð og réttindi barna. Einnig falla undir málaflokkinn erfðamál og málefni ólöggráða einstaklinga. Loks falla hér undir umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.

Eignaréttindi og fullnusta krafna. Hér undir falla þinglýsingar, sem fela í sér opinbera skráningu réttinda yfir tilteknum eignum til þess að þær njóti verndar gagnvart þriðja manni, fullnustugerðir eins og fjárnám, sem miða að því að tryggja kröfu með eign eða réttindum og nauðungarsölur, sem eru fullnustugerð til að koma eign í verð eða til að slíta sameign. Einnig fellur undir málaflokkinn afmáning fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009.

Stjórnslu ríkisins í umdæminu. Hér undir fellur innheimta opinberra gjalda, atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, útgáfa ýmissa leyfa, afgreiðsla vegabréfa og ökuskríteina, lögbókandagerðir og friðlýsing æðarvarpa.

Sérverkefni fyrir landið allt

Veiting leyfa til ættleiðinga, sbr. 1. gr. laga nr. 130/1990 um ættleiðingar og reglugerð nr. 1264/2011 um veitingu leyfa til ættleiðingar.

Afgreiðsla nauðungarvistana, sbr. breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997

Löggilding fasteigna-, fyrirtækja og skipasala, sbr. reglugerð nr. 1123/2006

Sáttameðferð og vinna sérfræðinga í málefnum barna á grundvelli barnalaga nr. 76/2003

Skráning heimagistingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 67/2016 um breytingu á lögum um veitingastaði, gístaði og skemmtanahald

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málefnaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.147,3 milljónir og afkoma kr. -28,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -27,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 245,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisínu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðisínu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Sigríður Kristinsdóttir

Sýslumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.118.600.000	1.093.200.000
Seld þjónusta	3	15.091.047	14.457.548
Framlög og ýmsar tekjur	4	3.750.000	3.705.681
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.873.964	10.860.578
Tekjur samtals		<u>1.147.315.011</u>	<u>1.122.223.807</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	964.073.042	861.013.151
Annar rekstrarkostnaður	6	201.796.817	184.058.623
Afskriftir		9.873.964	10.860.578
Gjöld samtals		<u>1.175.743.823</u>	<u>1.055.932.352</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(28.428.812)	66.291.455
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(2.471)	(1.207)
		<u>(2.471)</u>	<u>(1.207)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(28.431.283)</u></u>	<u><u>66.290.248</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		51.866.255	53.253.386
Aðrar eignir		566.119	566.119
Fastafjármunir samtals		<u>52.432.374</u>	<u>53.819.505</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		3.221.911	1.368.739
Tengdir aðilar	8	75.967.222	107.079.888
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	42.558.125	1.065.239
Handbært fé	10	71.756.990	57.432.144
Veltufjármunir samtals		<u>193.504.248</u>	<u>166.946.010</u>
Eignir samtals		<u>245.936.622</u>	<u>220.765.515</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		(26.988.213)	1.443.070
Eigið fé samtals		<u>(26.988.213)</u>	<u>1.443.070</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	94.493.813	48.663.885
Viðskiptaskuldir		1.628.338	3.194.167
Ýmsar skammtímaskuldir	12	119.063.537	106.451.282
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	57.739.147	61.013.111
Skuldir samtals		<u>272.924.835</u>	<u>219.322.445</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>245.936.622</u>	<u>220.765.515</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(28.431.283)	66.290.248
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	0	9.873.964	10.860.578
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.873.964)	(10.860.578)
		<u>(28.431.283)</u>	<u>66.290.248</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(43.346.058)	(1.902.281)
Tengdir aðilar		75.055.761	(65.731.022)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		11.046.426	(6.202.391)
		<u>42.756.129</u>	<u>(73.835.694)</u>
		<u>14.324.846</u>	<u>(7.545.446)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(8.486.833)	(2.103.940)
		<u>(8.486.833)</u>	<u>(2.103.940)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		1.886.833	0
Fjárfestingarframlag		6.600.000	2.103.940
		<u>8.486.833</u>	<u>2.103.940</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		14.324.846	(7.545.446)
		<u>57.432.144</u>	<u>64.977.590</u>
		<u>71.756.990</u>	<u>57.432.144</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Skýringar

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.118.600.000	1.093.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.873.964	10.860.578
	<u>1.128.473.964</u>	<u>1.104.060.578</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.083.300.000	0	0	1.083.300.000
Fjáraukalög 5	(3.700.000)	0	0	(3.700.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	39.000.000	0	0	39.000.000
Fjárveiting til tekna	1.118.600.000	0	0	1.118.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.147.031.283)	0	0	(1.147.031.283)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(28.431.283)	0	0	(28.431.283)

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Verksala	5.562.664	4.961.908
Ýmsar þjónustutekjur	2.586.963	4.244.390
Veitinga- og gistiþjónusta	6.941.420	5.251.250
	<u>15.091.047</u>	<u>14.457.548</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	3.750.000	3.012.681
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	693.000
	<u>3.750.000</u>	<u>3.705.681</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	843.629.997	729.692.832
Orlof, breyting	16.733.850	7.710.448
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	(92.725.893)	(47.758.441)
Launatengd gjöld	189.969.205	166.572.433
Starfsmannakostnaður	6.465.883	4.795.879
	<u>964.073.042</u>	<u>861.013.151</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	100,0	97,2

Skýringar

	2020	2019	
6 Annar rekstrarkostnaður			
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	6.231.597	4.905.265	
Byggingarvörur, almennar	3.637	51.468	
Tæki og búnaður til innréttinga	0	7.980	
Ýmis tæki og áhöld	2.032.232	1.226.957	
Varahlutir og viðhaldsvörur	57.580	17.846	
Orkugjafar	5.675.637	4.680.673	
Matvæli	14.943.192	10.818.066	
Almennar rekstrarvörur	2.431.776	1.568.031	
Vörukaup, almenn	31.375.651	23.276.286	
Fundir, námskeið, risna	246.685	1.674.184	
Ferðir, uppihald	1.944.253	1.936.482	
Akstur	2.636.432	2.617.896	
Sérfræðiþjónusta	8.806.534	8.132.014	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	3.930.864	3.849.085	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	274.523	0	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.999.513	2.673.654	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	19.838.804	20.883.315	
Samningsbundin kaup og leiga	0	158.392	
Afnotagjöld	7.075.150	5.736.557	
Leigugjöld	87.853.832	78.029.679	
Notkun véla og flutningatækja	1.842.486	1.536.081	
Verkkaup	22.378.531	17.581.464	
Kostnaðarhlutdeild	31.391.065	36.856.849	
Opinber gjöld	41.298	0	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	150.582.362	139.899.022	
Annar rekstrarkostnaður samtals	201.796.817	184.058.623	
7 Varanlegir rekstrarfjármunir			
	31.12.2020	31.12.2019	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	51.866.255	53.253.386	
Aðrar eignir	566.119	566.119	
	52.432.374	53.819.505	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020	103.398.228	566.119	103.964.347
Viðbætur á árinu	8.486.833	0	8.486.833
	111.885.061	566.119	112.451.180
Afskriftir 1.1.2020	50.144.842	0	50.144.842
Afskrift ársins	9.873.964	0	9.873.964
	60.018.806	0	60.018.806
Staða 31.12.2020	51.866.255	566.119	52.432.374

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
--	------------	------------

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	70.596.260	100.563.955
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	5.370.962	6.515.933
	<u>75.967.222</u>	<u>107.079.888</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	94.493.813	48.663.885
	<u>94.493.813</u>	<u>48.663.885</u>

9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	41.789.901	1.065.239
Skattar	768.224	0
	<u>42.558.125</u>	<u>1.065.239</u>

10 Handbært fé

Sjóðir	354.100	1.057.200
Tékkareikningar	71.402.890	56.374.944
	<u>71.756.990</u>	<u>57.432.144</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1.573,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
--	------------	------------

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1	1.443.070	(64.847.178)
Afkoma ársins	(28.431.283)	66.290.248
Jöfnuður 31.12.	<u>(26.988.213)</u>	<u>1.443.070</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
--	------------	------------

Ógreitt orlof	118.925.426	102.191.576
Ógreidd laun	0	4.152.801
Önnur ógreidd gjöld	138.111	106.905
	<u>119.063.537</u>	<u>106.451.282</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	52.432.374	53.819.505
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	5.306.773	7.193.606
	<u>57.739.147</u>	<u>61.013.111</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	53.819.505	7.193.606	61.013.111
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.600.000	6.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8.486.833	(8.486.833)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.873.964)	0	(9.873.964)
	<u>52.432.374</u>	<u>5.306.773</u>	<u>57.739.147</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 9,7 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Embættið hefur gert tvo skuldbindandi samninga um húsnæði að Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. Annars vegnar húsaleigusamning um 2.958 m² til 31. ágúst 2041 og hins vegar 559,1 m² til 29. febrúar 2028. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 91 milljón.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.